



Helga Óskarsdóttir
Sjóðstjóri




Ingólfur Snorri Kristjánsson
Sjóðstjóri

Um sjóðinn

IS Ríkisskuldabréf stutt er opinn öllum fjárfestum og er góður kostur til að ávaxta fé til eins árs eða lengur. Þó er alltaf hægt að innleysa eign í sjóðnum með tveggja daga fyrirvara. Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum, vixlum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánum fjármálastofnana.

Beitt er virkri stýringu sem byggir á ítarlegum greiningum og mati á gangi efnahagsmála og lykilstærða á fjármálamörkuðum. Sjóðstjóra stýra verðtryggingarhlutfalli og meðallíftíma sjóðsins, sem skal vera á bilinu 1-3 ár. Lægri meðallíftími þýðir alla jafna minni sveiflur í ávöxtun en mikilvægt er þó að átta sig á því að sveiflur geta verið í verðmætum skuldabréfa og þar með sjóðsins, sérstaklega til styttri tíma.

Stærstu eignir




Fjárfestingarheimildir

Fjárfestingarheimildir	Skuldbreyting	Eignir
Skuldabréf og vixlar með ríkisábyrgð	50-100%	97,0%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	0,0%
Afleiður	0-10%	0,0%
Laust fé		3,0%


Almennar upplýsingar og tölfraði

Stofnár	2008
Stærð (m.kr.)	8.645
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Árleg umsýjónarlaun	0,70%
Kostnaður við kaup	0,25%
Kostnaður við kaup í áskrift	0,00%
Áhættuflokkun	2/7
Meðallíftími, ár	2,59
Verðtryggingarhlutfall	24,6%

Eignasamsetning



Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
3 mán	1,3%	
6 mán	4,6%	
1 ár	8,2%	8,2%
2 ár	15,1%	7,3%
3 ár	23,2%	7,2%
4 ár	22,6%	5,2%
5 ár	24,2%	4,4%
Frá áramótum	1,2%	
Frá stofnun*	147,4%	5,4%

Um Íslandssjóði

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóða-stýringarfyritæki á Íslandi, upprunalega stofnað árið 1994 og er í eigu Íslandsbanka. Félagið er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.

Íslandssjóðir stýra 23 sjóðum fyrir almenna fjárfesta og átta sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 400 milljörðum króna og um 12.000 sparfjáreigendur og fjárfestar hafa valið að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.


Félagið starfrækir úrval hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og er stærst í rekstri skuldabréfasjóða á Íslandi bæði þegar horft er til fjölda sjóða og eigna í stýringu. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtakssjóðum.

Frekari upplýsingar

Tegund sjóðs	Verðbréfasjóður
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000018950
Auðkenni	RIKI
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Lágmarksáskrift	5.000 kr.
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

*Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 4. desember 2008

Gengispróun



Fyrirvari og áhættuþættir

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

Markaðsáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánsþætti útgefanda.

Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófull-nægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar-félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Verðbólguáhætta: Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

Stjórn málaáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórn málaákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.

Gjaldmiðlaáhætta: Sjóðurinn fjárfestir að hluta til í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendra mynt. Gengi gjaldmiðla sveiflast og fjármálagerningar sem skráðir eru í erlendra mynt bera því með sér gjaldeyrisáhættu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki.

Sjálfbærniáhætta: Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Bent skal á að ávöxtunartölur vísa til fortíðar og að árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem eru í boði. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](#).

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.